

VERKEFNI

SÖGUSTUND

Í verkefninu deila nemendur sögum af því þegar þeir stóðu með sjálfum sér. Þessar sögur eru síðan settar í samhengi við Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna.

MARKMIÐ

1. Að efla nemendur í að standa vörð um mannréttindi sín og annarra.
2. Að nemendur kynnist Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna.
3. Að efla samkennd nemenda.

LENGD

60 MÍNÚTUR

ALDUR

10 ára og eldri

UNDIRBÚNINGUR

- Eintak af Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna fyrir hvern hóp
- Pennar og blöð
- Tússtafla og töflutúss

ÞETTA VERKEFNI ER Í EINU SKREFI:

1. Sögustund og mannréttindi (60 mínútur)

SKREF 1: SÖGUSTUND OG MANNRÉTTINDI (60 mínútur)

Hópavinna (20 mínútur)

- Nemendum er skipt í litla hópa.
- Hver nemandi deilir sögu af því þegar hann stóð með sjálfum sér og hélt sjálfsvirðingu sinni.
- Þegar allir í hópnum hafa sagt sína sögu veltir hópurinn því fyrir sér hvað eða hver það var sem hjálpaði viðkomandi að standa með sjálfum sér.

Allur hópurinn (20 mínútur)

- Næst velur hver hópur eina sögu til að leika eða endursegja fyrir allan hópinn. Á meðan hlustað er á sögur allra hópa skrifar kennari á töfluna inntak hverrar sögu í stuttu máli og hvernig var brugðist við/gripið til aðgerða (t.d. „ég lagði inn kvörtun um einelti/áreitni“). Undir hvert atriði er svo skrifað hver stuðningurinn var (t.d. „ég á góða og stuðningsríka vini“).
- Þegar allar sögurnar hafa verið sagðar fer allur hópurinn saman í gegnum það sem skrifað er á töfluna og svarar því hvaða mannréttindi tengjast sögunum. Stikkorð tengd mannréttindum eru skrifuð við atriðin á töflunni.

Hópavinna (10 mínútur)

- Nú vinnur hver hópur fyrir sig saman og parar hver og ein réttindi á töflunni við greinar Mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna.
- Þegar allir hópar hafa lokið þeirri vinnu bera þeir svör sín saman við annan hóp.

Ígrundun (10 mínútur)

- Eftir þessa æfingu er gott að leggja áherslu á tengingu mannréttindayfirlýsingarinnar og daglegs lífs, hvernig mannréttindi birtast dags daglega.
- Í lokin er gagnlegt að ræða eftirfarandi spurningar við allan hópinn:
 1. Hvað lærðuð þið í þessari æfingu?
 2. Hefur þú svipaða sögu að segja og einhver bekkjarafélagi þinna? Brást þú eins við eða öðruvísi? Hvernig?
 3. Áttu auðvelt með að setja þig í spor bekkjarafélagi þinna eftir að hlusta á sögur þeirra? Af hverju/af hverju ekki?